

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um líkhús og líkgeymslur.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

- Liggja fyrir upplýsingar um staðsetningu og ábyrgð á rekstri líkhúsa og líkgeymslna um land allt? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir samantekt á slíkum upplýsingum?
- Telur ráðherra þörf á úrbótum á núverandi lagaumhverfi varðandi líkhús og líkgeymslur?
- Hyggst ráðherra hafa frumkvæði að því að sett verði lög um starfsemi, rekstur og aðgengi að líkhúsum og líkgeymslum?
- Hverja telur ráðherra vera eðlilega grunnþjónustu á þessu sviði sem tryggja þyrfti um land allt, svo sem varðandi aðgengi að þjónustu í tiltekinn fjölda daga eða ásættanlega dreifingu þjónustunnar um landið?
- Hvernig telur ráðherra eðlilegast að tryggja fjármögnun stofnkostnaðar og reksturs líkhúsa og líkgeymslna til frambúðar?
- Hvernig telur ráðherra eðlilegast að ábyrgð á rekstri líkhúsa og líkgeymslna sé háttað?

Munnlegt svar óskast.